AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 6/1997 um ýmsar grunnfjárhæðir í almennum skattskilum.

1. **Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis og einkabifreiðar með tilliti til verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981.**
Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar hjá mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 5. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981, skal breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. sömu laga:
Hækkunarstuðullinn við álagningu 1997 (tekjuár 1996) verður 21,3332
og í stað 500.000 kr. koma því 10.666.600 kr.

2. **Fjárhæðir í lögum nr. 9/1984 um frádrátt vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.**
Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9/1984 um fjárfestingu í atvinnurekstri skulu fjárhæðir sem um ræðir í 6., 11., 14. og 24. gr. laganna breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. laga nr. 75/1981.
Umræddar fjárhæðir og stuðlar vegna álagningarársins 1997 (tekjuár 1996) verða því þessar:
a) Lágmarkskaupverð varanlegra rekstrarfjármuna:
Í stað 200.000 kr. í 6. gr. laganna komi 830.900 kr. (stuðull: 4,1545).
b) Lágmark hlutafjár staðfestra félaga:
Í stað 12.000.000 kr. í 11. gr. laganna komi 21.586.800 (stuðull: 1,7989).
c) Lágmark hlutafjár hlutafélaga sem tengist starfsmannasjóði:
Í stað 3.000.000 kr. í 14. gr. laganna komi 15.794.400 (stuðull: 5,2648).
d) Lágmark hlutafjár fjárfestingarfélaga:
Í stað 5.000.000 kr. í 24. gr. laganna komi 26.324.000 (stuðull: 5,2648).

3. **Laun utan staðgreiðslu á árinu 1997.**
Fjárhæðir skv. 16., 17., 19. og 20. tölul. 1. mgr. 2. greinar reglugerðar nr. 591/1987 verða þær sömu við ákvörðun á staðgreiðslu 1997 og þær voru á fyrra ári.
Samkvæmt því verða umræddar fjárhæðir vegna greiddra launa á árinu 1997 þessar:
1. Heimilishjálp, húsfélög o.þ.h.: Í 16. tölul. verða 107.656 kr. og 215.312 kr.
2. Reiknað endurgjald í sjálfstæðri starfsemi: Í 17. tölul. verða 179.427 kr.
3. Höfundarlaun: Í 19. tölul. verða 215.313 kr.
4. Greiðslur til vistmanna elliheimila: Í 20. tölul. verða 215.313 kr.

4. **Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.**
a) Fjárhæð gjalds.
Samkvæmt 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, sbr. 44. gr. laga nr. 144/1995, skal fjárhæð gjalds í framkvæmdasjóð aldraðra verða 3.985 kr. við álagningu 1997 vegna tekna 1996.
b) Tekjumark.
Tekjuviðmiðun samkvæmt sama 1. tölulið 10. gr. skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluár samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.
Við álagningu 1997, tekjuárið 1996, verður gjaldið því ekki lagt á þá sem hafa tekjur undir 702.260 kr.

5. Fjárhæð greiddra launa á árinu 1997 sem undanþegin er staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 breytast grunnfjárhæðir 1. og 2. mgr. þeirrar greinar í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu þær reiknast í heilum þúsundum króna.

Með vísan til þessa verður hækkunarstuðullinn 1,2350 og í stað fjárhæðarinnar 30.000 kr. komi 37.000 kr. (mánaðarleg skil) og í stað fjárhæðarinnar 360.000 kr. komi 444.000 kr. (heildarskil).

Reykjavík, 10. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

13. janúar 1997 Nr. 41

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1997.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. staflið c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, með síðari breytingum.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:	kr.
Fyrsta leyfisveiting	8.400
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	12.600
Bráðabirgðaleyfi	2.100

3. gr.

Af hverjum leyfðum hundi skal innheimta árið 1997 eftirlitsgjald að upphæð kr. 7.400.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
Fyrsta afhending	12.000
Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	6.000
Önnur, þriðja o.fl. afhendingar	18.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lögtaki.